

Alþingi  
Erindi nr. P 140/1953  
komudagur 25.4.2012

699. mál

25.4.2012

Af gefnu tilefni og vegna fundar í fyrramálið, þá benda samtökin á umsagnir okkar um frumvörp til laga um breytingar á stjórnarráði Íslands, þar sem stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins hefur ekki óskað sérstaklega eftir umsögn um viðkomandi þingsályktun.

Samtökin hafa ítrekað lýst þeirri skoðun að horfið verði frá hugmyndum um sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins við iðnaðarráðuneytið í nýtt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, og að ekki verði af flutningi verkefna sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis til umhverfissráðuneytis, sbr. meðfylgjandi umsögn samtakanna frá 23. maí 2011, 13. ágúst 2010, 12. maí 2010 og 28. september 2009.

Greinargerð með þingsályktuninni ber ekki með sér að gerðar hafi verið ítrekaðar athugasemdir fjölmargra aðila við þessa fyrirhuguðu skipan stjórnarráðsins eins og hefur verið gert, en rétt hefði verið að tilgreina það með skýrum hætti.

Kveðja,

Friðrik Friðriksson, hdl.

beinn sími: 591 0303 - gsm: 824 2303



Landssamband íslenskra útvegsmanna  
Federation of Icelandic Fishing Vessel Owners



Borgartúni 35 • 105 Reykjavík • www.liu.is • Sími/Tel.: +354 591 0300 • Fax: +354 591 0301



**LANDSSAMBAND  
ÍSLENSKRA  
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35  
105 Reykjavík  
Sími: 591 0300  
Fax: 591 0301  
www.liu.is

**Alþingi - Allsherjarnefnd**  
Austurstræti 8-12  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2011  
*Mál nr. 1105004*

### **Efni: Umsögn, Stjórnarráð Íslands**

Allsherjarnefnd hefur óskað umsagnar Landssambands íslenskra útvegsmanna á frumvarpi til laga um Stjórnarráð Íslands, þskj. 1191 – 674. mál., ásamt fylgifrumvarpi (675. mál).

Samtökin hafa áður lýst þeirri skoðun sinni að horfið verði frá hugmyndum um sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis við iðnaðarráðuneytið og að ekki verði af flutningi verkefna sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins til umhverfissráðuneytisins, sbr. meðfylgjandi umsögn samtakanna frá 13. ágúst 2010, mál 658.

Þetta frumvarp miðar að því að taka ákvörðunarvald um skipan stjórnarráðsins frá Alþingi og færa það forsætisráðherra. Þannig er forsætisráðherra færðar heimildir til að skipa stjórnarráðinu eins og honum sýnist hverju sinni skv. 2. gr. frumvarpsins.

Við leggjum eindregið til að 2. gr. og 4. gr. frumvarpsins og tengdar greinar í frumvarpinu nái ekki fram að ganga, en vísum að öðru leyti til meðfylgjandi umsagnar okkar.

Virðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson, hdl.



**LANDSSAMBAND  
ÍSLENSKRA  
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35  
105 Reykjavík  
Sími: 591 0300  
Fax: 591 0301  
www.llu.is

**Alþingi - Allsherjarnefnd**  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. ágúst 2010  
Mál nr. 1008001

**Efni: Umsögn, Stjórnarráð Íslands, 658. mál.**

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum. Landssamband íslenskra útvegsmanna fer eindregið fram á að horfið verði frá sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis við iðnaðarráðuneytið og að ekki verði af flutningi verkefna sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis til umhverfisstjórnuneytis.

Samtök í sjávarútvegi og landbúnaði hafa strekað óskað eftir samvinnu um þetta mál, en þeirri samvinnu var lofað af hálfu forsætisráðuneytisins á fundi 28. september 2009. Á vordögum kom efni frumvarpsins fram í fjölmiðlum og var forsætisráðherra og fjármálaráðherra sent bréf þann 12. maí 2010 og farið þess á leit að stofnaður yrði starfshópur til að fjalla um verkefni ráðuneytisins. Þessu bréfi hefur ekki verið svarað.

Það er því mótsagnakennt að lesa í greinargerð með frumvarpinu að eftir framlagningu frumvarpsins verði lögð sérstök áhersla á viðtækt samráð, meðal annars við hagsmunaaðila á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs og framvindan metin í ljósi árangurs af því samráði.

Frumvarpið var lagt fram 9. júní sl. og vísað til allsherjarnefndar 16. júní sl. Hvorki stjórnvísan eða allsherjarnefnd hefur haft frumkvæði á samráði við samtökin um efni frumvarpsins. Engin samvinna hefur því átt sér stað, þrátt fyrir skýr tilmæli þess efnis í greinargerð með frumvarpinu.

Frumvarpið er ófullburða. Það felur í sér fækkun ráðuneyta úr tólf í níu og er nýjum ráðherrum veitt opin lagaheimild án nokkurra takmarkana til að undirbúa stofnun nýrra ráðuneyta. Greinargerðin er lýsing á samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og bætt við atriðum sem almennt er gott að hafa í huga við skipulagsbreytingar.

Þeirri grundvallarspurningu er ekki svarað í greinargerðinni, hvernig stjórnkerfið og atvinnulífið eða einstakar atvinnugreinar eigi að vinna saman og þróa samskipti sín með árangursríkum hætti fyrir íslenskt samfélag. Við meðferð þessa frumvarps er mikilvægt að muna eftir ábendingum umboðsmanns Alþingis um að stjórnvísan lifi ekki sjálfstæðu lífi, heldur sé hún til af því að það þarf einhver að þjóna borgurum og atvinnulífi samfélagsins. Stjórnkerfið verður því ekki endurskoðað með árangursríkum hætti, nema með aðkomu borgaranna og atvinnulífsins.

Í greinargerðinni er vísað til þess að fyrir liggja tillögur um umfangsmiklar breytingar sem geri ráð fyrir að ríkisstofnunum fækki. Eðlilegt er að þessar tillögur séu lagðar fram samhliða þessu frumvarpi. Breytingar á skipan ráðuneyta á ekki að gera, nema fyrir liggja hvernig endurskipuleggja eigi stofnanakerfi ríkisins. Ráðuneytin og stofnanir þeirra eru samofin. Þannig hafa allar breytingar á stofnunum bein áhrif á viðeigandi ráðuneyti og öfugt.

Náin tengsl á milli rannsóknaraðila og stjórnsýslu atvinnuveganna eru nauðsynleg til að tryggja traust og samvinnu á milli aðila. Rannsóknarstofnanir eins og Matis ohf., Hafrannsóknarstofnunin, Veidimálastofnun og Orkustofnun byggja á náinni samvinnu við ráðuneyti sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar. Með þessum hætti hafa stofnanirnar sterka bakhjarla til að tryggja þeim aðstöðu fyrir sjálfstæðar rannsóknir. Ráðuneytin fjármagna ekki aðeins einstök verkefni þessara stofnana, heldur eru einnig vel upplýst um starfsemi þeirra, sem gagnast bæði stofnunum í starfsemi sinni og stjórnsýslunni við þróun og framgang einstakra málaflokka.

Af greinargerð með frumvarpinu verður ráðið að áformað sé að slíta bein tengsl atvinnuvegaráðuneytanna við rannsóknastofnanir sínar með því að færa þær undir umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Með því er verið að slíta á samskipti milli aðila og um leið upplýsingamiðlun, sem er lífæð framþróunar á viðkomandi fagsviði. Nauðsynlegt er að tryggja beina tengingu við rannsóknir og framkvæmd verkefna og öfugt. Án slíkrar tengingar eru miklar líkur á því að engin framþróun verði á sviði stjórnsýslu atvinnuveganna.


Hugmyndir um að færa Hafrannsóknarstofnunina frá sjávarútvegsráðuneytinu til umhverfisráðuneytisins ganga gegn megin stefnu þróaðra fiskveiðihjóða um að hafa sérstaka hafrannsóknarstofnun innan vébanda fagráðuneytis fiskveiða.

Í Danmörku og Noregi hafa verið gerðar umfangsmiklar stjórnkerfisbreytingar á síðastliðnum árum. Þar liggja til grundvallar ítarlegar skýrslur og greinargerðir sem unnar voru eftir náð samráð og samvinnu við atvinnulíf og hagsmunaaðila þar sem leitað var svara um hvað sé best fyrir samfélagið. Hér hefur ekki verið staðið að verki með sambærilegum hætti.

Full ástæða er til að efast um að stjórnkerfisbreytingar eins og þær sem lagðar eru til í frumvarpinu feli í sér aukin samlegðaráhrif og bæti stjórnsýsluna. Í stað þess að vinna þá grunnvinnu sem þarf að gera við heildarendurskoðun stjórnarráðsins og taka síðan rökstudda ákvörðun um hvaða breytingar gera á til að bæta árangur stjórnarráðsins, er tekin ákvörðun um að fækka ráðuneytum og hið raunverulega endurskoðunarverkefni skilið eftir, án nokkurrar forystu eða stefnumótunar til framtíðar fyrir íslenskan sjávarútveg eða atvinnulíf í heild.

Því leggjum við til að frumvarpið nái ekki fram að ganga og fagleg undirbúningsvinna eigi sér stað.

Virðingarfyllst,



Friðrik Friðriksson, hdl.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og  
Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

Reykjavík 12.5.2010.

Þann 28. september 2009 var haldinn fundur í forsætisráðuneytinu vegna hugmynda um breytingar á verkefnum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins sem fram koma í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Á fundinum var lagt fram meðfylgjandi minnisblað eftirtalinna samtaka:

Bændasamtaka Íslands	Farmanna- og fiskimannasambands Íslands
Landssambands íslenskra útvegsmanna	Landssambands smábátæigenda
Landssambands stangaveiðifélaga	Landssambands veiðifélaga
Samtaka atvinnuþlffsins	Samtaka fiskvinnslustöðva
Sjómannasambands Íslands	VM- félags vélstjóra og málmæknimanna

Þar sem þungum áhyggjum var lýst af boðuðum breytingum á verkefnum ráðuneytisins og hvatt til þess að horfið verði frá þeim.

Bent var á að nauðsyn náinna tengsla á milli grunnstofnana og ráðuneyta til að tryggja að stjórnarathafnir byggi á faglegri ráðgjöf. Ekkert samráð hafði þá verið við þá aðila sem málið varðar. Þá lágu ekki fyrir nein gögn um hagkvæmni eða forsendur fyrirhugaðra breytinga.

Þess var farið á leit að stofnaður yrði starfshópur til að fjalla um verkefni ráðuneytisins og með hvaða hætti unnt yrði að styrkja og styðja við starfssemi þess.

Á fundinum var því lýst af hálfu fulltrúa forsætisráðuneytisins að umrædd vinna væri skammt á veg komin og því heitið að stofnaður yrði starfshópur um verkefnið þegar þar að kæmi, með aðild hagsmunaaðila.

Með vísan til þess sem að framan greinir kemur það okkur algjörlega á óvart að ríkisstjórnin hyggist ljúka málinu með framlagningu lagafrumvarps á næstu dögum, eins og ráða má af fréttum, án nokkurs samráðs við hagsmunaaðila. Með því væri gengið á bak þeirra loforða sem okkur hafa verið gefin.

Við ítrekum óskir okkar um að málið verði unnið faglega með aðkomu þeirra sem það varðar.

Virðingarfyllst,

Bændasamtök Íslands	Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Landssamband íslenskra útvegsmanna	Landssamband smábátæigenda
Landssamband stangaveiðifélaga	Landssamband veiðifélaga
Samtök atvinnuþlffsins	Samtöka fiskvinnslustöðva
Sjómannasamband Íslands	VM- félag vélstjóra og málmæknimanna

28. september 2009

## Minnisblað

Til: Forsætisráðherra

Efni: Hugmyndir um breytingar á verkefnum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis

---

- Bændasamtök Íslands
- Farmanna og fiskimannasamband Íslands
- Landssamband íslenskra útvegsmanna
- Landssamband smábátæigenda
- Landssamband stangaveiðifélaga
- Landssamband veiðifélaga
- Samtök atvinnulíffsins
- Samtök fiskvinnslustöðva
- Sjómannasamband Íslands
- VM – félag vélstjóra og málmteknimanna

Ofangreindir aðilar hafa þungar áhyggjur af boðuðum breytingum á verkefnum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins eins þær koma fram í stjórnarsáttmála ríkistjórnarinnar.

Þá hefur verið haft samband við fulltrúa Samtaka iðnaðarins og Samorku, en þeir hafa lýst yfir sömu þungu áhyggjum og við af boðuðum breytingum vegna flutnings verkefna og málefna frá iðnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Okkur er ekki kunnugt um að nokkuð samráð hafi verið haft um málið við þá sem starfa í umræddum atvinnugreinum. Haldinn hefur verið einn yfirlitsfundur í júlí sl. að frumkvæði okkar með fjármálaráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ásamt fulltrúum ráðuneytisins. Engin gögn um hagkvæmni eða forsendur fyrir umræddum breytingum hafa verið lögð fram.

Við förum eindregið fram á að horfið verið frá þeim hugmyndum sem kynntar hafa verið, enda hniga veigamikil rök til þess. Náin tengsl á milli grunnstofnanna og ráðuneytanna eru nauðsynleg til að tryggja að stjórnarathafnir byggji á faglegri ráðgjöf. Þá er samstarf og traust á milli stofnana og atvinnugreina afar mikilvægt.

Við höfum farið þess á leit að stofnaður verði starfshópur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og ofangreindra aðila til að fjalla um verkefni ráðuneytisins og með hvaða hætti unnt er að styrkja og styðja við starfsemi þess. Það er mat okkar að fengur væri að því að fulltrúi forsætisráðuneytisins ætti fulltrúa í starfshópnum.